



Ársskýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Geysis 2008

Við störtuðum vetrinum í janúar á kynningarfundum á reiðnámskeiðum vetrarins og buðum krökkunum upp á pizzur og gos.
Fundurinn var haldin á Árhúsum á Hellu og var mæting ágæt.

Reiðnámskeið:

Við buðum upp á þrennskonar námskeið í ár.

hestakúnstir

En þær voru kynntar á vorhátíðinni okkar í fyrra og um þær sá Svanhildur Hall í Neðra-Seli, nú Holtsmúla og vakti það mikla lukku, þau kenndu hestunum t.d. að heilsa og sitthvað fleira.



Heiðdís Ingvarsdóttir sá um yngri krakkana fyrir okkur eins og 2 síðastliðinn ár og fór það námskeið fram í nýrri reiðhöll sem risin er í hesthúsahverfinu í Miðkrika, Hvolsvelli.

Þáttakan var góð um 30 krakkar.

Hulda Gústafsdóttir kenndi eldri og vanari krökkum og hélt svokallað keppnisnámskeið og undirbjó þau fyrir átök sumarsins. Voru 18 krakkar hjá henni. Sigurður og Lisbeth á Skeiðvöllum ljáðu okkur nýja og glæsilega aðstöðu sína til kennslunar og kunnum við þeim þakkir fyrir.

Hulda var svo einnig með smá reiðvallarkúrs fyrir þá sem vildu til undirbúnings fyrir úrtöku.

Þess má geta að reiðnámskeiðin hjá Huldu og Heiðdísu voru niðurgreidd af hestamannafélaginu.

Fjáröflun

Æskulýðsnefndin stóð svo sveitt og seldi veitingar til fjáröflunar á úrtökumótinu í vor og tóku krakkarnir virkan þátt í veitingasöllumni.

Þá fengum við styrk frá Héraðsnefnd Rangæinga.

Landsmót

5 krakkar í öllum flokkum kepptu fyrir hönd Geysis á LM í ár og áttum við 6 knapa í úrslitum.

Fríða Hansen varð 9 í barnaflokki og Dagbjört Hjaltadóttir 12.

Í unglingsflokki státaði Rakel Nathalie Kristinsdóttir 2 sæti. Og í ungmennaflokki voru þær 3 sem náðu úrslitum, Bergrún Ingólfssdóttir í 13 sæti, Hekla Katharina Kristinsdóttir varð þriðja og Henna Siren endaði önnur eftir mikla og spennandi baráttu um 1.sætið.

Æskulýðsnefndin stóð fyrir að allir keppendur fengu Henson galla með merki félagsins.

Til gamans má geta að þær systur Hekla Katharina og Rakel Nathalie voru valdar í úrvalshóp unglings sem reið fyrir fánareid í hópreiðinni á LM.

Sú nýlunda var þetta árið að félagið réð þjálfara, Marjolin Tiepen, fyrir þá sem vildu og voru nokkrir krakkar sem nýttu sér það.

En Marjolin fylgdi þeim alveg inn á völlum og gafst þetta mjög vel.

Norðulandamót

Tveir knapar frá félaginu kepptu á Norðulandamótinu í ár sem haldið var í Seljord í Noregi. Það voru þær Hekla Katharina Kristinsdóttir og Ragnheiður Hallgrímsdóttir og stóðu þær sig með þryði.

Hekla Katharina var Norðulandameistari í tölti ungmenn á Gusti frá Kjarri og Ragnheiður Norðulandameistari í gæðingaskeið unglings á Júpiter frá Ragnheiðarstöðum.

En æskulýðsnefndin ásamt félaginu styrkti þær stöllum til fararinnar.



Ragnheiður og Júpiter



Hekla og Gustur

Íslandsmót

Þetta árið var það haldið á félagssvæði Fáks í Viðidal.

Þar voru í úrlitum Hekla Katharina Kristinsdóttir sem varð þriðja í tölti ungmenna á hryssu sinni Nútíð frá Skarði og varð hún einnig fimmta í 5-gangi ungmenna á Gídeon frá Lækjarbotnum. Systir hennar Rakel Nathalie Kristinsdóttir varð svo 6 í 4-gang unglunga á Ósk frá Lækjarbotnum.

Ferðalög

Við fjölmenntum á Æskan og hesturinn sem haldin var í reiðhöllinni í Víðidal í lok mars og fóru tvær rútur smekkkfullar af krökkum og var mikið gaman. Var ferðin í boði æskulýðsnefndarinnar.

Um miðjan júlí buðum við upp á hestaferð fyrir 10-14 ára krakka, svo kallaða ævintýraferð, sem Eyrún og Steingrímur í Kálfholti sáu um fyrir okkur.

Var þetta 2 daga ferð um Holtamanna afrétt.

Vakti ferðin mikla lukku og fóru í hana 13 krakkar úr félaginu.

En við greiddum hana niður um 5.000 kr. pr. barn.



Ævintýraferð

Youth Cup

Bryndís Sigríksdóttir tók þátt í Youth cup sem haldið var í Brunnadern í Sviss 12-20 júlí og stóð sig með þrýði
Nefndin ásamt félaginu styrkti hana til fararinnar.

Nú eru komnar tvær reiðhallir á svæði félagsins, á Hvolsvelli og svo Rangárhöllinn á Hellu og vonandi koma þær til með að styðja undir æskulýðsstarf félagsins.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Geysis
Lovísa Herborg Ragnarsdóttir

Svanhildur Guðjónsdóttir
Anna Björg Stefánsdóttir
Steinn Másson